



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagurinn 19. september 2006

Ákvörðun nr. 36/2006

### **Samruni Skýrr hf. og EJS ehf.**

#### **Kaup Skýrr hf. á EJS ehf.**

##### **1.**

Með bréfi frá Logos, dags. 24. febrúar 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Skýrr hf. á öllu hlutafé Dseta ehf. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Bréfinu fylgdi einnig samningur um yfirtökuna, dags. 11. febrúar 2006, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árin 2003 til 2005 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Með bréfi, dags. 23. mars 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi Logos, dags. 22. maí 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um breytingar á samrunanum þess efnis að í stað þess að kaupin næðu til allra hluta í Dseta, eiganda 58,7% hlutafjár í EJS ehf., næðu kaupin til framangreindra hluta í EJS og seljandinn yrði þá Dseta.<sup>2</sup> Með tilkynningunni fylgdi jafnframt hinn nýi kaupsamningur, dags. 6. mars 2006. Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum, með bréfi, dags. 29. maí 2006, að stofnunin liti svo á að um nýjan samruna væri um að ræða í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og hafi upphaf 30 daga frests Samkeppniseftirlitsins, sbr. 4. mgr. 17. gr. laganna, miðast við móttöku bréfs Logos eða 22. maí 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 20. júní mars 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

<sup>2</sup> Til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu eru jafnframt kaup Skoðunar ehf., dótturfélags Dagsbrúnar hf. á öllu hlutafé Kögunar hf., en Dagsbrún hefur jafnframt eignast 21,45% hlut í EJS, eins og opinberlega var tilkynnt þann 20. júní sl. Þannig hafa Dagsbrún og Kögun, dótturfélag Dagsbrúnar, eignast alls 96,47% hlutafjár í EJS.



## 2

Í tilkynningunni segir að aðalstarfsemi samrunaaðila felist í sölu vélbúnaðar og tengdri þjónustu, þróun og sölu hugbúnaðar og tengdri þjónustu, ráðgjöf á sviði upplýsingatækni, hýsingu og kerfisleigu og tengdri þjónustu.

Í samrunaskránni segir að markmið samrunaaðila með samrunanum sé að tryggja enn frekari rekstrargrundvöll fyrirtækjanna og samnýta sérþekkingu. Segir í samrunaskránni að miklar breytingar hafi orðið í upplýsingatæknigeiranum undanfarin ár. Viðskiptavinir geri auknar kröfur til þjónustu á þessu sviði og vænti þess að fyrirtæki á sviði upplýsingatækni veiti ráðgjöf, ekki einungis í tæknimálum heldur jafnframt í viðskiptaferlum. Þá geri þeir jafnframt síauknar kröfur til trausts rekstrar, samhæfingar kerfa og að þjónustuaðilar geti boðið þeim heildarlausnir á öllum sviðum upplýsingatækni. Samrunanum sé því m.a. ætlað að mæta þeim kröfum sem viðskiptavinir geri til þjónustuaðila á þessu sviði í dag. Þá segir að íslensk fyrirtæki hafi stækkað verulega undanfarin ár og gert árangursrík strandhögg á erlendum mörkuðum. Hafi það m.a. haft þá afleiðingu í för með sér að þau hafi þurft meiri þjónustu en íslensk upplýsingatæknifyrirtæki hafi í mörgum tilfellum getað veitt. Íslensk upplýsingatæknifyrirtæki hafi þannig oft ekki nægilegan mannafla, þekkingu og stærð að öðru leyti til að mæta þörfum íslenskra fyrirtækja. Samrunanum sé m.a. ætlað að mæta þeirri þörf.

Samkvæmt samþykktum Skýrr er tilgangur fyrirtækisins að reka hvers konar starfsemi á breiðum grundvelli á sviði upplýsingaiðnaðar og annar skyldur rekstur, rekstur fasteigna og lánstarfsemi og þátttaka í öðrum rekstri sem stjórn félagsins ákveður. Meginstarfsemi þess er á sviði upplýsingatækni, einkum hugbúnaðar-, rekstrar-, fjarskipta- og margmiðlunarþjónustu. Í samrunaskrá segir að þjónusta Skýrr skiptist í þrjá meginflokka, hugbúnaðarþjónustu, rekstrarþjónustu og miðlun upplýsinga. Þjóði fyrirtækið m.a. upp á viðskiptalausnirnar Oracle og viðskiptagreiðubúnaðinn Business Objects frá sama fyrirtæki. Þá reki Skýrr vefþjónustu, kerfisleigu og hýsingarþjónustu, ásamt því að veita tölvurekstrarþjónustuna Netsjá.

Skýrr er dótturfélag Kögunar hf. Kögun er almenningshlutafélag, skráð í Kauphöll Íslands. Tilgangur félagsins er samkvæmt samþykktum þess að annast gerð og viðhald á hugbúnaði fyrir ratsjár og varnarkerfi hvers konar, auk hönnunar, smíði og reksturs á hvers konar búnaði til rafrænnar vinnslu. Kögun á níu dótturfélög og að auki eiga dótturfélögin samtals 11 dótturfélög. Samstæðan inniheldur því eftirfarandi 20 félög, auk móðurfélgsins:

Ax hugbúnaðarhús hf.

Hands ASA, Noregi. Dótturfélög þess eru Completo AS, Nett.2.3. og IT Drift AS.

Hugur hf. Dótturfélag þess er Menntagátt ehf.

Kögunarnes ehf.

LandsteinarStrengur hf. Dótturfélag þess er Aston Baltic SIA, Lettlandi.

Opin kerfi Group Holding ehf. Dótturfélag þess er Opin kerfi Group hf., en undir það falla eftirfarandi félög, Opin kerfi ehf., Opin kerfi



eignarhaldsfélag ehf., Kerfi A/S, Danmörku, Opin kerfi Sweden AB, Svíþjóð og Opin Kerfi AB.

Skýrr hf.

Teymi ehf.

Verk- og kerfisfræðistofan hf. (VSK).

Í samrunaskrá er félögunum lýst með eftirfarandi hætti. Kögun veitir þjónustu og selur lausnir til bandaríska flughersins, Thales Raytheon Systems, orkufyrirtækja, banka, opinberra stofnana og stærri fyrirtækja. Jafnframt hefur fyrirtækið sérhæft sig í samþættingu hugbúnaðarlausna. Kögunarnes hf. rekur fasteignir Kögunar og sinnir skrifstofu- og bókhaldsþjónustu. VSK sérhæfir sig einkum í ráðgjöf fyrir opinberar stofnanir auk þess að smíða og annast rekstur á stórum sérhönnuðum hugbúnaðarkerfum. Ax hugbúnaðarhús, Hugur og LandsteinarStrengur starfa einkum við þróun, sölu og dreifingu staðlaðs viðskiptahugbúnaðar. Teymi sinnir Oracle grunntæknilausnum sem byggja á gagnagrunnum, viðfangamiðlurum og þróunartólum. Opin kerfi ehf. (OK) er sölu-, dreifingar- og þjónustuaðili Hewlett-Packard á Íslandi. Selur fyrirtækið m.a. einkatölvur, prentara, rekstaravörur og skyldar vörur. Félagið selur einnig raftæki frá öðrum aðilum. Þá segir að starfsemi félagsins megi í meginatriðum skipta í tvennt, annars vegar sölu og þjónustu á tölvu- og hugbúnaði til fyrirtækja og stofnana og hins vegar heildsölu sem þjónar söluaðilum um land allt. Þjónustudeild fyrirtækisins sér um tæknilegan rekstur upplýsinga- og netkerfa, að hluta eða öllu leyti, fyrir fyrirtæki og stofnanir. Þá rekur OK verkstæði sem sér um þjónustu við einkatölvur og hluti þeim tengdum.

EJS er sölu-, dreifingar- og þjónustuaðili Dell vélbúnaðar á Íslandi og selur m.a. tölvur, skjávarpa, sjónvörp, prentara, netþjóna, afritunarlausnir, gagnageymslur o.fl. Félagið selur einnig raftæki frá öðrum aðilum. Þá annast félagið einnig hýsingu og rekstur tölvukerfa. Undir EJS samtsæðuna falla eftirfarandi fjögur dótturfélög, Eskill ehf., iSoft á Íslandi ehf., Hýsing ehf. og Símaland ehf.

Eskill er hugbúnaðarhús sem byggir á hugbúnaði frá Microsoft. Starfsemi þess felst að mestu leyti í sérsmíðuðum veflausnum, þ.e. gerð heimasíða og innri neta. Einnig býður fyrirtækið til sölu verkbókhaldskerfið RPM (tímaskráningar- og viðverukerfi), vefumsýslutólin CMS og NetQbs og Allt á einum stað (vél- og hugbúnaður til starfrækslu upplýsingastanda). iSoft heldur námskeið og kennir á Microsoft hugbúnað. Hýsing hefur enga sjálfstæða starfsemi með höndum. Samningar um hýsingatengda starfsemi eru þó gerðir í nafni Hýsingar og kennitölu og tekjur vegna þeirrar starfsemi eru greiddar á reikning þess félags. Þjónustusamningar vegna þessarar starfsemi eru aftur gerðir í nafni EJS. Símaland er sölu- og þjónustuaðili fyrir símkerfalausnir.

## **Niðurstöður**

### **1.**

Samkeppniseftirlitið er í meginráttum sammála samrunaaðilum um að markaðir sem mál þetta taki til séu sala vélbúnaðar, hýsing, kerfisleiga og tölvurekstrarþjónusta. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar að skilgreina megi sérstaka undirmarkaði í máli þessu. Þannig mætti til að mynda skipta vélbúnaðarmarkaðnum niður í frekari undirmarkaði, s.s. markaði fyrir einkatölvur,



netþjóna eða miðlara og gagnageymslur, net- og símbúnað, prentlausnir, hljóð- og myndbúnað o.fl. Þá má að mati Samkeppniseftirlitsins aðgreina markaðinn fyrir sölu vélbúnaðar í einstaklingsmarkað og fyrirtækjamarkað. Er slík skipting í samræmi við sjónarmið framkvæmdastjórnar EB.<sup>3</sup> Eins og mál þetta er vaxið telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessi hafi einna helst áhrif á markaðinn fyrir sölu vélbúnaðar til fyrirtækja, enda mun markaðshlutdeild samrunafélaganna aukast umtalsvert á þeim markaði. Nánar tiltekið á mörkuðum fyrir sölu á einkatölvum, netþjónum, miðlurum og gagnageymslum til fyrirtækja.

Samkeppniseftirlitið hefur aflað ýmissa gagna við skoðun á samkeppnislegum áhrifum þessa samruna. Ennfremur hafa fjölmargir forsvarsmenn fyrirtækja sem starfa á þeim sviðum sem samruni þessi tekur helst til mætt til fundar við starfsmenn Samkeppniseftirlitsins til að varpa frekara ljósi á áhrif samrunans á þá markaði sem við á. Þá aflaði eftirlitið einnig gagna frá öllum helstu fyrirtækjum sem starfa á sambærilegum mörkuðum og samrunaaðilar, svo unnt sé að meta stærð viðkomandi markaða og stöðu samrunaaðila á þeim.

Þeir aðilar sem Samkeppniseftirlitið ræddi við voru sammála um að markaðirnir sem hér um ræðir væri mjög opnir og fjölbreyttir. Markaðarnir væru mjög virkir vegna örrar tækniþróunar og að aðgangshindranir að flestum mörkuðum væru mjög litlar. Þá voru flestir þessara aðila sammála um að umræddur samruni hefði einna helst áhrif á markað fyrir sölu vélbúnaðar til fyrirtækja, en vegna eðlis þess markaðar þá myndi samruninn ekki leiða til þess að samrunafélögin gætu hindrað virka samkeppni á þeim markaði. Hvað vélbúnaðarmarkaðinn áhræfir hafa athuganir Samkeppniseftirlitsins til að mynda leitt í ljós að mjög takmarkaðar aðgangshindranir séu að honum og stöðug ógn stafi af mögulegum keppinautum bæði hérlendis og erlendis. Einnig hafa kannanir Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að styrkur kaupenda á fyrirtækjamarkaði er umtalsverður. Þannig býr kaupandinn almennt yfir töluverðri þekkingu og gerir almennt miklar kröfur til gæða og verðs. Kaupendur á markaðnum gætu því hæglega keypt vélbúnað erlendis frá ef þeir telja sig geta fengið betra verð eða þjónustu, eins og sum fyrirtæki gera nú þegar. Samningar EJS og OK við birgja fela heldur ekki í sér að samrunafélögin hafi einkarétt á sölu á vörumerkjunum HP og Dell. Aðilar í upplýsingatæknigeiranum gætu þannig með litlum tilkostnaði sjálfir hafið innflutning á viðkomandi vörumerkjum.

## 2.

Samruni Skýrr og EJS flokkast sem láréttur samruni þar sem aðilar eru starfandi á sama sölustigi. Bæði EJS og OK selja vélbúnað í smásölu og heildsölu, EJS á í samkeppni við Skýrr viðvíkjandi kerfisleigu, kerfisveitu og hýsingu og EJS, OK og Skýrr bjóða öll upp á ýmsa tölvurekstrarþjónustu. Því er ljóst að umtalsverðra samlegðaráhrifa muni gæta í meginstarfsemi samrunafélaganna. Þar af leiðandi er ljóst að samrunafélögin munu auka hlutdeild sína nokkuð á umræddum mörkuðum, þó einna helst á mörkuðum fyrir sölu á einkatölvum, netþjónum, miðlurum og gagnageymslum til fyrirtækja, eins og áður greinir.

<sup>3</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. COMP/M.2609, HP/COMPAQ frá 31. janúar 2002.



Af gögnum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá öllum helstu aðilum sem starfa á þessum markaði má ráða að heildarumfang viðskipta vegna sölu á einkatölvum, netþjónum, miðlurum og gagnageysmlum til fyrirtækja hafi numið u.þ.b. [5 – 5.5] milljörðum króna árið 2005.

Fyrir samrunann hafði OK [30-35]<sup>4</sup>% hlutdeild af tekjum fyrir sölu á einkatölvum til fyrirtækja og [35-40]<sup>5</sup>% hlutdeild af tekjum fyrir sölu á netþjónum, miðlurum og gagnageysmlum til fyrirtækja árið 2005. Tekjur EJS á markaði fyrir sölu einkatölva til fyrirtækja námu [20-25]<sup>6</sup>% og [15-20]<sup>7</sup>% á markaði fyrir sölu netþjóna, miðlara og gagnageysmla á sama tímabili. Samanlögð markaðshlutdeild samrunafélaganna mun því nema [50-60]<sup>8</sup>% á umræddum mörkuðum.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athuganir Samkeppniseftirlitsins, sbr. það sem að framan segir, gefa ekki til kynna að markaðsráðandi staða verði til eða aukist.

Í þessu ljósi og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Skýrr hf. á EJS ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 6. mars 2006, keypti Skýrr hf. meirihluta hlutafjár í EJS ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga“.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

<sup>4</sup> Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

<sup>5</sup> Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

<sup>6</sup> Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

<sup>7</sup> Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.

<sup>8</sup> Nákvæm markaðshlutdeild felld út vegna trúnaðar.